



Endurrit af dómabók hæstaréttar í málínu nr.
149/1944. Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni
Gunnarssyni og Sveini Benediktssyni 30. maí
1945

Bjarni Benediktsson – Endurrit af dómabók hæstaréttar í málínu nr. 149/1944. Réttvísin og
valdstjórnin gegn Jóni Gunnarssyni og Sveini Benediktssyni 30. maí 1945

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurrit af dómabók hæstaréttar í málinu

Nr. 149/1944:

Réttvisin og varlstjórnin

Þingi nr. 20/1944.

Enni í veitinnanum velldast órðum meðal aldrinum
með henni skilfítumur, hr. Þórhilf meðum sínum vor
á sér ein veyr óhinn ógvunr meðal á vegi henni í veitinnum
og gertur sig þá tiltegum sé ríkari en órðum eftir
álfugólf með henni. Í því tiltegundum voru þóttum
aldrinum óhinn ógvunr meðal órðum, en órðum
aldrinum í tiltegum henni ógvunr, henni
vistlaðar, meðal ógvunr ógvunum.
Órðum þau fállu, en henni voru ógvunr ógvunum
mikið ókvætt, sem hér vor 1944. Ógvunr þóttur órðum órðum
en órðum aldrinum órðum ógvunum órðum órðum
ógvunum. Þessi veyr lyktir henni órðum órðum
ógvunum.

Jóni Gunnarssyni og
Sveini Benediktssyni.

Ár 1945, miðvikudaginn 30. maí, var í hæstarétti í málinu
nr. 149/1944

Réttvísin og valdstjórnin

gegn

Jóni Gunnarssyni og Sveini

Benediktssyni

uppkveðinn s vohljóðandi

d ó m u r :

Hinn áfrýjaða dóð hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson,
bæjarfógeti á Siglufirði.

I. Ákærði Jón Gunnarsson.

Að kvöldi þess 26. ágúst 1944 og þá fram eftir nótta var ákærði
staddir ásamt nokkrum gestum sínum í veitingahúsinu Hótel Hvanneyri
á Siglufirði. Hefur ákærði kannast við, að hann hafi þá, án þess
að hafa aflað sér vínveitingaleyfis, neytt sjálfur áfengis og veitt
öðrum áfengi í veitingasalnum. Varðar þessi verknaður við 17. gr.
laga nr. 33/1935.

Inni í veitingasalnum veittist drukkinn maður að ákærða og
laust hann andlitshögg. Er ákærði nokkru síðar var á fórum heim
til sín, varð hinn drukni maður á vegi hans í ^{veitinga}gangi _{hússins}
og gerði sig þá líklegan að ráðast að ákærða á ný og hafði í frammí
illyrði um hann. Þrír löggreglumenn voru þarna nærstaddir án þess
að skerast í leikinn honum til verndar. Átöldu menn, er þarna voru
viðstaddir, þetta aðgerðaleysi löggreglumannanna. Léttákærði þá
orð þau falla, sem hann er sóttan til refsingar fyrir. Þó að svo
varí ástatt, sem hér var lýst, réttlæstir það ekki ummealin að fullu,
og verður ákærði að seta refsingu fyrir þau eftir 108. gr. laga nr.
19/1940. Hins vegar þykir hann ekki hafa unnið til réfsingar sam-
kvæmt 70. gr. löggreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1939. Þelst
refsing ákærða samkvæmt 37. gr. laga nr. 33/1935 og 108. gr. laga
nr. 19/1940 sbr. 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðinn 300 króna sekt
til ríkissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan
4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald 10 daga.

II. Ákærði Sveinn Benediktsson.

1. Honum er í fyrsta lagi gefið það að sök, að hann hafi farið inn í veitingahús á Siglufirði eftir lokunartíma þess aðfaranótt 20. ágúst 1944 og með því gerzt sekur við ákvæði 71. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929. Fór þar þá fram dansleikur, og verður ekki séð, að veitingamaður né þeir, sem stóðu fyrir dansleiknum, hafi amast við kom/hans né voru hans þar. Þykir því bresta heimild til að refsa ákærða fyrir brot á ákvæðum nefndrar greinar.

2. Er ákærði Jón Gunnarsson hafði melt orð þau í garð löggreglu-mannanna, sem í héraðsdómi greinir, greip Pórður Ásgeirsson löggreglu-maður í hægri öxl Jóns og ýtti honum eða hratt niður í stigann. Kveður ákærði Sveinn, að sér hafi þá virzt Pórður var að henda Jóni niður stigann. Kveðst hann þá hafa gripið báðum höndum um Pórð, til þess að draga úr sveiflunni. Hvorki urðu Pórður né hinir Lög-reglumannirnir varir við petta tak Sveins og tekja það óliklegt, en tvö vitni kveðast hafa séð þá, og styðja þau þá frásögn Sveins, að hann hafi gripið um Pórð til að afstýra því, að Jón hrasaði niður stigann. Verður ekki talið, að ákærði hafi með þessu gerzt sekur við ákvæði 106. gr. laga nr. 19/1940.

3. Þá er ákærða Sveini gefið það að sök, að hann hafi í fram-haldi af ofangreindum skiptum þeirra Pórðar farið á eftir honum niður stigann ásamt tveimur nafngreindum mönnum í því skyni að ráð-ast á Pórð. En ekki eru með skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málínu, leiddar sönnur að því, að ákærði hafi gert nokkra tilraan til slikekrar árásar, og verður því að sýkna hann af þessum kárulið.

4. Næst verður það, að ákærði Sveinn, er hann var á útleið neðst í stiganum, hefur þau orð við Pórð, að framferði hans muni verða kært, og tjá vitni, að Sveinn hafi þá sagt, að petta skyldi verða hans "banabiti". Ákærði segir, að verið geti, að hann hafi viðhaft petta orð, en þá auðvitað átt við það, að Pórður yrði rekinn úr löggreglunarfi sinu. Verður og orðið, eins og á stóð, ekki skilið á annan veg. Framferði Pórðar þykir ekki hafa verið með þeim hætti, að það réttlæti að fullu þessi ummæli ákærða, sem varða við 108. gr. laga nr. 19/1940.

5. A dómpingi 9. september 1944 var lesinn upp framburður

Friðriks Sveinssonar lögreglumanns, og lýsti Sveinn hann ósannan og barði um leið í borðið. Kvaðst Friðrik þá geta unnið eisí að honum, en ákarði svaraði því til, að vitnið fari þá til helvítis. Eru petta meinyrði, sem ákarði hafði ekki ástæðu til að viðhafa, og varða þau við 108. gr. laga nr. 19/1940. En högg það í borðið, er að framan greinir, varðar ekki við almenn hegningarlög. Þykir refsing ákarða eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar athugast, að rannsókn málsins og meðferð þess í héraði hefur orðið að miklum mun viðtekari og umfangsmeiri en smábrot þaú, er ákarðu eru sakadír um, gáfu efni til. Þykja ákarðu því ekki eiga að ber annan sakarkostnað en hér segir. Ákarði Jón Gunnarsson greiði 1/3 launa skipaðs talsmanns síns í héraði, er ákveðast kr. 300.00, og 1/3 hluta málflutningslauna skipaðs verjanda sína í hæstarétti, er ákveðast kr. 1200.00. Ákarði Sveinn Benediktsson greiði 1/3 hluta póknunar talsmanns síns í héraði, er ákveðast kr. 300.00, og 1/3 hluta málflutningslauna skipaðs verjanda síns í hæstarétti, er ákveðast kr. 1200.00. Allur annar kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00.

Akvæði héraðsdóms um sekt á hendur talsmanni ákarða Sveins Benediktssonar í héraði staðfestast.

Rannsókn máls þessa í héraði hefur orðið miklu umfangsmeiri en efni stóðu til, og ýmsum atriðum, sem ekki vörðuðu mális, blandað inn í hana. Dómari hefur og haft þann óhæfilega hátt á rannsókninni að bóka eftir vitnum sóknarræður í stað þess að yfirheyra þau um þau atriði, er mál skiptu. Þá hefur og dómarinn lagt fram skjöl og haldið próf, er talsmanni ákarða Sveins Benediktssonar var ^{eukl} gefinn kostur á að sjá. En ekki þykir ástæða til að ómerkja héraðsdóminn vegna þessa, þar eð skjöl pessi og próf ráða engu um úrslit málsins. Loks setti og dómarinn heimildarlaus skilyrði fyrir því, að mál ákarða Jóns Gunnarssonar yrði lokíð með réttarsætt. Verður að víta petta.

Pv í dæmi ist rétt vera:

Ákerði Jón Gunnarsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðaldi 10 daga, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákerði Sveinn Benediktsson greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðaldi 5 daga, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Akveði héraðsdóms um sekt talsmanns ákerða Sveins Benediktssona í héraði, hestaráttarlögmánnar Gutorms Erlendssonar, á að vera óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanna Ákerða Jóns Gunnarssonar í héraði, Jóns Jóhannessonar, akveðast kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda hans í hestarátti, hestaráttarlögmánnar Einars B. Guðmundssonar, akveðast kr. 12.00.00. Af þessum fjárhæðum greiði ákerði Jón Gunnarsson 1/3 hluta, kr. 500.00.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákerða Sveins Benediktssonar, Gutorms Erlendssonar hestaráttarlögmánnar, akveðast í héraði kr. 300.00 og í hestarátti kr. 1200.00. Af þessum fjárhæðum greiði ákerði Sveinn Benediktsson 1/3 hluta, kr. 500.00. Allur annar kostnaður sakarinnar þeði í heraði og fyrir hestarátti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sakjanda fyrir hestarátti, hestaráttarlögmánnar Guðmundar I. Guðmundssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum skal fullnæga með aðförf að lögum.

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu Hestaráttar 30. maí 1945.

Gjald: kr. 2.20

Greitt.



Hákon Guðmundsson